

64  
16. júní

## REGLUGERÐ

til

**bráðabirgða um breyting á 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928,  
um próf fyrir bifreiðarstjóra.**

Samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða er hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

Á tímabilinu frá 20. júní til 5. júlí 1930 heimilast undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar að ráða í þjónustu sína bifreiðarstjóra til þess að stýra bifreiðum til almennra fólksflutninga þótt þeir hafi ekki tekið viðbótarpróf það, sem um ræðir í 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

65  
18. júní

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um

**eftirlit með raforkuvirkjum.**

I. KAFLI.

*Almenn ákvæði.*

1. gr.

Öll raforkuver og raforkuvirki, sem framleiða og flytja raforku með hærri spennu en 20 voltum til heimilisþarfa, iðnaðar eða annarar notkunar, skal tilkynna atvinnumálaráðuneytinu jafnskjótt og þau taka til starfa. Þau

raforkuver og raforkuveitur, sem til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skal tilkynna áður en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

65  
18. júní

### 2. gr.

Eigendum og forstöðumönnum raforkuvers og raforkuveitu, sem getur í 1. gr., er ávallt skylt að láta atvinnumálaráðuneytinu eða þeim, sem ráðherra setur til eftirlits með raforkuvirkjum, í té allar upplýsingar, sem óskað kann að verða, um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvers og veitu og þeirra raforkuvirkja, sem tengd eru við veituna.

### 3. gr.

Þeim, sem ráðherra setur til eftirlits raforkuvirkja, skal jafnan frjálst að skoða og rannsaka raforkuver og raforkuveitur og frjáls aðgangur að rúmum, þar sem eru raforkuvirki, sem tengd eru eða tengjanleg við raforkuveituna.

## II. KAFLI.

### 4. gr.

Sá sem hefir forstöðu eða framkvæmdarstjórn raforkuvers og raforkuveitu skal tilkynna þau samkv. 1. gr., en eigandi eða eigendur bera ábyrgð á að tilkynnt sé.

### 5. gr.

Í tilkynningu skal getið:

- 1) nafns kaupstaðar, kaupsþúns eða bæjar og hrepps,
- 2) hver eða hverjir eru eigendur raforkuvers og raforkuveitu,
- 3) hverjir sitja í stjórn fyrirtækisins og hver er framkvæmdarstjóri þess,
- 4) hve margir fastir starfsmenn eru við orkuverið og hve margir við veituna,
- 5) hver eða hverjir sáu um byggingu orkuvers og veitu.
- 6) hvenær orkuver og veita voru byggð og hvenær fyrirtækið tók til starfa,
- 7) hverjir eru orkugjafar (vatnsorka, olía, kol),
- 8) ef vatnsorka er notuð, hvert er nafn árinna eða lækjar,
- 9) hver sé virkjuð fallhæð og vatnsmagn,
- 10) stærðar og tegundar aflvéla,
- 11) hver sé stærð og tegund rafala (kw eða kva, rakstraumur eða riðstraumur, snúningshraði o. a.),
- 12) hvaða spennan eða spennur eru notaðar,
- 13) hver sé lengd háspenntrar línu (yfir 500 volt),
- 14) hve margra ampera straumur eða hve mörg kílówött voru framleidd mest á síðasta ári,
- 15) hve margar kílówattstundir voru framleiddar síðasta ár (ef mælt hefir verið),

- 65 16) hvert er orkuveitusvæðið,  
 18. júní 17) hve margir íbúar eru á orkuveitusvæðinu,  
 18) hve margir eru notendur raforku (kaupendur),  
 19) hve margir nota raforku til véla,  
 20) hvort um aðra heimilisnotkun er að ræða en til ljósa og þá hverja,  
 21) hver sé stofnkostnaður orkuvers og stofnkostnaður veitu,  
 22) hver sé árlegur reksturskostnaður,  
 23) hvert sé rafmagnsverð,  
 24) hverjar voru tekjur af rafmagnssölu og hverjar heildartekjur síðasta ár,  
 25) hvort reglugerð hefir verið samþykkt fyrir fyrirtækið (ef svo er, sendist eitt eintak eða afrit af henni með tilkynningunni),  
 26) annara upplýsinga, sem að gagni mega koma við almenna skýrslugerð um raforkuvirki og eftirlit með þeim.

### III. KAFLI.

#### *Um einkastöðvar.*

##### 6. gr.

Nú kemur einstakur maður eða einstakir menn sér upp raforkuveri og raforkuvirkjum og nota þau innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna, og skal þá þeim raforkuvirkjara, sem ábyrgð hefir og yfirumsjón með uppsetningu þeirra, skylt að tilkynna þau samkv. 1. gr. jafnskjótt og þau eru fullgerð eða tekin í notkun.

##### 7. gr.

Raforkuver og raforkuvirki, sem ræðir um í 6. gr. og til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skal eigandi eða eigendur þeirra tilkynna samkv. 1. gr.

##### 8. gr.

Í tilkynningu um raforkuver og raforkuvirki, er ræðir um í 6. og 7. gr. skal greina þau atriði, sem segir í 5. gr., eftir því sem við á.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um raforkuvirki nr. 7, 15. júní 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*